

Ferðafélag fjarðamanna

Fréttabréf og fróðleiksmolar

1. TBL.

10. ÁRG.

Mars 2006

Ábyrgðarm. Ína Gísladóttir



Vinnudagar á Karlsstöðum 17. og 18. júní 2006

Helgina 17. og 18. júní verður farið í Vöðlavík ef veður leyfir. Þá helgi er ætlunin að viðra, dusta, þurrka af, smíða, mála og margt fleira.

Vinnuferðir í Vöðlavík eru ekki bara vinna, þær eru ekki síður skemmtun og allir sem koma og vinna með okkur fá mat og gistingu.

Peir sem vilja leggja okkur lið hafi samband við **Lullu GSM 8633623**

Margir íbúar Fjarðabyggðar eiga rætur í öðrum byggðum ýmist hérlendis eða erlendis. Hálfðan Haraldsson frá Þorvaldsstöðum á Langanesströnd, sem oft hefur ritað efni í fréttabréf félagsins, auk annarra góðra verka í þess þágu, deilir hérna með okkur lítilli mynd úr byggðinni sem fósraði hann. Um þessar slóðir er nú fremur fáfarið. Þar mun þó leynast mörg perlan sem forvitnilegt er fyrir unnendur náttúru og sagna að skoða. Þangað ættum við að leggja leið okkar fljótlega.

Af Langanesströndum – Forn skeljalög

Sumarið 1951 var ég í vegavinnu í Finnafirði og Gunnólfsvík. Þjuggum við í tjöldum í túnfætinum á bænum Felli í Finnafirði.

Eitt vorkvöldið gekk ég út í Gunnólfsvíkina og kom að ósum Geysiröfu og Bjarnarlækjar, sem mynda lítið og grunnt lón ofan við fjörukambinn austast í víkinni. Þetta vor höfðu miklir vatnavextir, í

fyrirnefndum lækjum, rífið stórt skarð í malarkambinn og lónið tæmst til sjávar. Þarna mátti sjá harðan leirbotn gráan að lit alsettan skeljum og skeljabrotum. Ég hafði engin verkfæri til þess að ná mér í sýnishorn af þessum gömlu skeljum. Hugsaði mér að koma þarna seinna betur útbúinn og rannsaka þetta betur. Ekkert varð af því fyrr en 1970, að ég átti leið þarna um og fór niður í fjöruna. Þá var kominn þykkur og mikill malarkambur sem fyllt hafði lónið og sá hvergi í skeljalögin sem blöstu við mér vorið 1951.

Ekki er mér kunnugt um, hvort þessi skeljalög hafi verið rannsökuð eða hafa komið í ljós aftur.

*Hálfðan Haraldsson
(stuðst við minnisblað frá árinu 1951)*



Hálfðan á myrkravöku í Seldal að segja frá viðskiptum við fyrrum sveitunga sinn drauginn Tungubrest sem kenndur er við Kverkartungu á Langanesströnd.

Frumkvöðlaverðlaun Markaðsstofu 2005

Ferðafélag Fjarðamanna fékk Frumkvöðlaverðlaun Markaðsstofu Austurlands 2005 fyrir gönguleiðamerkingar, útgáfu göngukorts, byggingu húss í Vöðlavík og kynningarstarf. Gripurinn ásamt upplýsingum um félagið og starfsemi þess var til sýnis í útstillingarglugga hjá Veidiflugunni á Reyðarfirði sumarið 2005.



“Fjöllin fimm í Fjarðabyggð” Áfram með smjörið!

Nokkuð margir eru komnir áleiðis að sígra fjöllin fimm. Mæðginin Robyn Vilhjálmsson og Vilhjálmur Sigurðsson luku því sumarið 2005 og fá því afhentar vörður á aðalfundi. Sumarið 2006 verður farið í skipulagðar ferðir á tvö af stimpil-fjöllum, Svartafjall og Kistufell.

Nöfn og kynning garpanna verða sett inn á netið jafnóðum og stimpilheftin berast. Við hvetjum ykkur sem allra flest til þess að taka þátt í þessum leik og hafa

með ykkur gesti úr öðrum byggðum. Fjallgöngur eru ekta fjölskyldusport. Fátt jafnast við þá tilfinningu að njóta útsýnis og fersks fjallalofts eftir hressandi göngu og nokkra fyrirhöfn.



Fjallagarpar 2004 Verðlaun afhent á aðalfundi 2005. Hádegisfjallið í baksýn



Horft til Skruðs af Svartafjalli á góðviðriskvöldi

Ferðir á verðlaunafjöllum Svartafjall og Kistufell 2006 samkvæmt ferðadagskrá



Leiðafóstrarmir vinna merkilegt starf



Verðlaunagripurinn er ljósker sem Theódóra Alfreðsdóttir hefur skapað.


**Upplýsingar um „Fjöllin fimm”
í Fjarðabyggð á heimasíðu félagsins
simnet.is/ffau
Nálgist stimpilhefti, vinnið afrek og
njótið fjallanna. Góða ferð**



Horft til Reyðarfjarðar á leið á Kistufellið

Ráðhildur ráðagóða!

1. Vera á góðum fjallgönguskóm
2. Aldrei að fara til fjalla í gallabuxum
3. Vera með regn – og vindhelda galla meðferðis



Sumarleyfisferðir 2006

Leitið ekki langt yfir skammt. Við búum í ævintýralandinu Gerpissvæðið og Norðfjörður-Mjóafjörður/Dalatangahringurinn, sjá ferðadagskrá. Skráið ykkur hjá fararstjórum sem fyrst.



Söguferðir 2005

Sögurólt og kaffihúsaetur ferðafélagsfólks haustið 2005 tókust einstaklega vel, voru bæði frændandi og skemmtilegar, enda leiðsögumennirnir ekki af verri endanum. Á Norðfirði voru það Stefán Þorleifsson, Hálfdan Haraldsson og Reynir Zoëga, á Eskifirði Hilmar Bjarnason og Sævar Guðjónsson og á Reyðarfirði Einar Þorvarðarson og Hallfríður Bjarnadóttir. Félagið þakkar þessu heiðursfólki fyrir fræðslu og skemmtun. Áfram verður haldið með söguroltið haustið 2006 og verða viðfangsefni, staðir og stund auglýst þegar nær dregur. Myndir og ýmis fróðleikur úr þessum ferðum er inni á netsíðunni okkar simnet.is/ffau



Talsvert á fjórða hundrað manns fóru í ferðir félagsins 2005

Geymið ferðadagskrána 2006 og fylgist með. Takið þátt í því sem er ykkur að skapi. Kíkið reglulega á netið. Hlustið á talhóflið 8781600. Munið að göngur eru fjölskyldusport. Allir eru velkomnir í ferðir félagsins.

Útsýnið flottast af Kistufellinu

Mæðginin Robyn Vilhjálmsson og Vilhjálmur Sigurðsson í Neskaupstað hafa verið áhugasamir þátttakendur í ferðum félagsins síðustu árin, fóru bæði í sumarleyfisferðina á Gerpissvæðið 2005 og unnu bæði til titilsins Fjallagarður Fjarðabyggðar. Útsendara fréttabréfsins þótti því tilvalið að spyrja þau nokkurra spurninga.

Aðspurð um hvernig fjallgönguáhuginn hefði vaknað sagði Robyn sem er fædd og uppalin í Ástralíu: Ég ólst upp rétt við þjóðgarðinn Cleeland National Park. Það var ekki svo mikið um að vera í sveitinni svo ég gekk mikið um í garðinum. Þarna voru til dæmis bæði kengúrur og kóalabirnir. Ég fór í háskóla til Adelaide og var þar í gönguklúbbi sem ferðaðist mikið um Ástralíu. Eftir það fór ég á flakk um heiminn, fyrst til til Frakklands svo Írlands, Englands og Nepal. Stórkostlegast var að ganga á fjallinu Annaperna í Nepal, þá vorum við komin svo hátt að við fundum enga lykt lengur og höfðum svo lítið súrefni að við urðum að taka eitt skref í einu. Og það var svo gaman að fylgjast með því hvernig fjallaþorpin breyttust eftir því sem ofar dró. Þó að ég ynni talsvert var ég orðin mjög blönk eftir sjö ára flakk þegar ég kom til Neskaupstaðar 1986 til að vinna í fiski.

Finnst þeim mæðginum skipta máli að eiga ferðafélag: Þau segja samtaka já hundrað prósent, þá fái þau að vita um staði sem þau vissu ekki hvernig ætti að fara á, svo fengu þau góðan félagsskap og sögur.: *Af hvaða verðlaunafjalli var útsýnið best:* Kistufellinu, þaðan sást Herðubreið, Lagarfljót, Snæfell og svo horfðum við ofan á Hádegisfjallið.

Og hvert er stefnan sett í sumar: Villi ætlar að vinna og veit ekki hvað hann kemst, en Robyn stefnir á Færeyjar með Ferðafélagi Íslands og svo að fara í ferðir sem bjóðast í félagsdeildunum fyrir austan. Þegar Villi er spurður hvað hafi komið honum af stað í gönguferðir svarar hann: Mamma dró mig með sér, en mér fannst það strax skemmtilegt. *Hvað lærðirðu af sumarleyfisferðinni:* Hvernig ég á að nesta mig næst, hafa meiri almennilegan mat til dæmis kjúkling. *Hvað fannst þér merkilegast:* Það var flöskuskeytið frá Noregi sem við fundum undir Rauðubjörgunum. *Og ég spyr þau bæði Sáuð þið skessur í fjöllunum:* Villi sá enga en Robyn sagði að í Skollaskarði væri rosalega flott skessa með vel snyrtan hártopp. *Lokaorð:* Villi brosir breitt en vill ekki tjá sig frekar. Robyn dremmir um að ganga meira á svokallaðri Pílagrímaleið á Spáni, þar sem hún gekk í tvær vikur í haust leið.

Við þökkum þeim fyrir spjallið og óskum þeim góðra gönguferða. Í. G.



Villi og Robyn í góðum félagsskap á Glámsaugnatindi í sumarleyfisferð um Gerpissvæðið

Ferðavísan

Systkinin Kolfinna og Stefni Þorfinnsbörn settu hvort í sínu lagi saman vísu í tilefni af virðulegu tíu ára afmæli ferðafélagsins. Þær urðu skemmtilega líkar. Fréttabréfið þakkar fyrir sig.

Kolfinna

Fögrum róm'i um fold og rán
frelsið til vor kallar.
Fjarðamönnum fylgi lán
ferðaleiðir allar.

Stefni

Inn'i á heiðum, yst á töngum
Austurlandið kallar.
Fararlánið ferðalöngum
fylgi götur allar.

og þessi er líka eftir Stefni

Undir fæti gras og grjót
gefst mér þor og kraftur.
Allar leiðir upp í mót
og svo niður aftur.

Hugleiðing um veðrið

Mikið er veðrið okkur Íslendingum alltaf hugstætt. Sigilt umræðuefni, jafnt í fjölmiðlum sem hjá venjulegu fólk sem bara hittist á götuhorni.

Veðrið er svo margbrotið og erfitt í stjórnun að gömlu veðurguðirnir stjórna því enn. Guðinn okkar hefur ekki yfirtekið það, enda hefur hann trúlega í mörg önnur horn að líta. Frjálslyggjuöflin hafa heldur ekki lagt í veðrið, ekki einu sinni nefnt að einkavæða það eða selja Veðurstofuna.

Markaðssetning þess yrði flókin og gengi bréfa í því gæti orðið afar sveiflukennt.

Hvernig ætti svo sem að vera hægt að gera öllum til hæfis varðandi veðrið? Krakkarnir á útvarpsrásunum vilja hafa sólarlandaveður alla daga en nýju óðals-eigendurnir sem kaupa upp sveitajarðirnar munu aftur á móti vilja steypiregn þegar þeir fara að selja vatnið sitt. Við hjólreiðamenn viljum röskan meðvind. Sjómenn þurfa gæftir og bændur ýmist rigningu fyrir sprettuna eða þurrk til að hirða. Og ekki er veturinn auðveldari. Þeir á sumardekkjunum þurfa sumar á veturna, skíðamenn vilja snjó en gott veður en alvöru jeppamenn vilja þreyfandi byl til að geta notað GPS tækið og helst að það affelgist og brotni drif, þá er túrinn vel lukkaður.

En hvernig snýr svo veðrið við Ferðafélagi fjarðamanna? Er hætt við ferðir ef mönnum líst ekki á veðrið? Það kemur fyrir en sem betur fer sjaldan. En þá það gerist þá eiga veðurguðirnir það til að sýna myndugleik og skella á góðu veðri.

Mér finnst býsna margir á þeirri skoðun að ekki eigi að ganga á fjöll nema í bjartviðri. Ég er hrifinn af því fyrirkomulagi sem ég hef heyrt að sé hjá Útivist að aflýsa aldrei ferð vegna veðurs. Þá eru menn stundum heppnir og stundum óheppnir svona eftir því hvernig þeir vilja hafa veðrið. Gönguferð, jafnvel fjallganga í góðum hóp er meira en bara að virða fyrir sér útsýnið. Spakur maður sagði, “Það er ekki til vont veður, bara misjafnlega góð fót”.

Árni Ragnarsson

Á döfinni

Aðalfundur – Myndasýning - Afmæliskaffi

Föstudagur 7. apríl kl. 20.00

Aðalfundur Ferðafélags Fjarðamanna verður haldinn í
Hátíðasal Grunnskólans í Neskaupstað, gengið inn af Nesgötu

Venjuleg aðalfundarstörf

Nýir félagar velkomnir

Kl. 21.00 Afmælisdagskrá – Við eigum tíu ára afmæli

Hjörleifur Guttormsson verður með kynningu á frábærri árbók sinni
sem kom út árið 2005 um svæðið frá
Reyðarfirði til Seyðisfjarðar, og sýnir litskyggjur

*Einstakt tækifæri til þess að uppgötva merkileg fyrirbæri og
staði í næsta nágrenni*

Ávarp fjallkonunnar og afmæliskaffi

Allir velkomnir

Stjórnin

Gönguleiðakortið okkar

“Fjarðaslóðir austast á Austfjörðum” er enn í fullu gjaldi og
fæst víða á Austurlandi.



Skráning í gistiskálann að Karlsstöðum í Vöðlavík er há á Ínu sími 894-5477

Vefsíðan okkar er **simnet.is/ffau** Þar er ávallt að finna myndir úr ferðum,
fréttabréfin frá upphafi, umfjöllun um “Fjöllin fimm í Fjarðabyggð”,
gönguleiðir frá Karlsstöðum og myndir og frásagnir úr ferðum og margt
fleira. Mynd mánaðarins til þess að spreyta sig á.

Haustið 2006 - Byggðin okkar er merkileg

*Söguferðir í bæjarkjarna Fjarðabyggðar með sögufróðu fólki.
Við höldum áfram að miðla sögunni og njóta samveru. Nú tökum við
fyrir skólasöguna. Fjölskyldurölt.
Nánar auglýst þegar nær dregur.*